

**Ed.**

**429. Nefndarálit**

[188. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá l. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur verið leikinn mjög grátt í tíð núverandi ríkisstjórnar. Fé hans hefur óspart verið eytt og stofnað til skulda af hans hálfu. Staða sjóðsins er því vægast sagt mjög slæm. Verði ekki snúið af þessari braut má búast við að þetta gagnmerka stjórn tæki verði eyðilagt.

Í ljósi þessa er augljóst að leitast verður við að styrkja stöðu sjóðsins.

Það framlag í sjóðinn, sem hér er gert ráð fyrir, getur átt þátt í því að koma í veg fyrir enn frekari veikingu sjóðsins. Fyrir því leggur undirritaður til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1982.

Kjartan Jóhannsson,  
fundaskr.